

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. apríl 2017

14. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX
OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE





MICHELSEN
ÚRSMIDIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Taconic með 150 milljarða undir á Íslandi

Hefur tilkynnt FME að sjóðurinn vilji verða metinn hæfur sem virkur eigandi Arion. Kaup vogunarsjóða á bankanum drifin áfram af Taconic sem veðjar á hagsveifluna á Íslandi. » 6



»2
**VÍS keypti 3% í
Kviku banka**

Tryggingafélagið VÍS hefur gengið frá kaupum á 3,06 prósentu hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ) í Kviku. VÍS á nú 25 prósent í fjárfestingabankanum.

»2
**Hefja samkeppni
við Nasdaq**

Starfsleyfisumsókn Verðbréfamíðstöðvarinnar hf. var skilað inn í síðasta mánuði. Eigendurnir vilja hefja rekstur í sumar og hafa safnað 300 milljónum króna í hlutafé.

»8
**Virði Haga hækki
um sex milljarða**

Markaðsvirði Haga gæti aukist um allt að 5,8 milljarða króna ef sala áfengis verður gefin frjáls.



FERMING 2017

Þar sem úrvalið er af umgjörðum

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK





Blaðastandarnir fyrir utan skrifstofu Fréttatímans eru nú tómir. Stærstu hluthafarnir eru farnir úr stjórn útgáfufélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tap Fréttatímans nam 151 milljón og tífaldaðist

Morgundagur ehf., útgáfufélag Fréttatímans, tapaði 151 milljón króna á rekstri fjölmiðilsins í fyrra. Tapið meira en tífaldaðist miðað við árið 2015 þegar afkoman var neikvæð um 13,5 milljónir króna

Þetta kemur fram í rekstrarreikningi Morgundags fyrir 2016 sem Markaðurinn hefur undir höndum. Samkvæmt honum jukust auglýsingatekjur fjölmiðilsins úr 383 milljónum árið 2015 í 504 milljónir í fyrra. Útgáfukostnaður Morgundags nam 369 milljónum samanborið við 231 milljón árið á undan. Laun og annar starfsmannakostnaður jókst um 99,7 milljónir milli ára og var í árslok 2016 um 223 milljónir. Rekstrartap fjölmiðilsins fyrir fjármunatekjur og gjöld nam 137,6 milljónum.

Útgáfudögum blaðsins var fjölgað úr einum í tvo og síðan þrjá í kjölfar aðkomu

nýrra eigenda að útgáfunni í nóvember 2015. Í þeim hópi voru meðal annars þeir Gunnar Smári Egilsson, fráfarandi ritstjóri Fréttatímans, Valdimar Birgisson, auglýsingastjóri blaðsins, og Sigurður Gísli Pálmason, fjárfestir og einn eigenda IKEA á Íslandi. Þremmingarnir mynda núverandi eigendahóp fjölmiðilsins en líkt og komið hefur fram er óljóst um framtíð hans og hvort fleiri tölublöð muni líta dagsins ljós. Um tíu starfsmenn hafa ekki enn fengið greidd laun fyrir marsmánuð og hefur Gunnar

Smári, stærsti eigandi blaðsins, sagt skilið við fjölmiðilinn og undirbýr hann nú stofnun Sósíalístaflokks Íslands.

Gunnar og Sigurður Gísli sögðu sig í gær úr stjórn Morgundags og er nú enginn skráður stjórnarmaður hjá félaginu. – hg

Gunnar Smári Egilsson, stærsti eigandi Morgundags.



Ætla í samkeppni við Nasdaq í sumar

Starfsleyfisumsókn Verðbréfamistöðvarinnar hf. var skilað inn í síðasta mánuði. Eigendurnir vilja hefja rekstur í sumar og búið er að ganga frá innleiðingu tölvukerfis. Búið er að kalla inn allt hlutfé eða 300 milljónir króna.

Eigendur Verðbréfamistöðvarinnar hf. skiluðu starfsleyfisumsókn til fjármálaráðuneytisins í síðasta mánuði og vilja hefja rekstur í sumar og þá samkeppni við Nasdaq á Íslandi. Samkvæmt heimildum Markaðarins er búið að kalla inn allt hlutfé félagsins eða 300 milljónir króna en eigendahópurinn samanstendur af Arion banka, Íslandsbanka, fimm lífeyrissjóðum og einkafjárfestum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur þrjá mánuði til að fara yfir umsóknina en stefnt hefur verið að opnun nýju verðbréfamistöðvarinnar síðan 2015. Búið er að ganga frá kaupum og innleiðingu á tölvukerfi félagsins. Verðbréfamistöðin mun sjá um útgáfu, vörslu og uppgjör verðbréfa fyrir lífeyrissjóði, fjármálafyrirtæki og hið opinbera eða veita sömu þjónustu og Nasdaq verðbréfamistöð hf. býður nú.

Einar S. Sigurjónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Verðbréfaskráningar Íslands á árunum 1998 til 2013, og Arnar Arinbjarnarson, fjárfestir og fyrrverandi yfirmaður viðskiptaþróunar MP banka, eiga samtals um 20 prósent hlut í félaginu og lögmennirnir Daði Bjarnason og Jóhann Tómasson um tíu prósent í gegnum félag sitt Lagahvol slf. Hluthafarnir eru alls tíu talsins og eiga allir álika mikið en þar má einnig finna Lífeyrissjóð verslunarmanna, Gildi-lífeyrissjóð, Almenna lífeyrissjóðinn, Sameinada lífeyrissjóðinn og Lífsverk. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins leita þeir nú að hentugu húsnæði undir starfsemi.

Stjórn Verðbréfamistöðvarinnar er skipuð þeim Gísla Kr. Heimis-



Nasdaq verðbréfamistöð hf. hefur um árabíl haft einokunarstöðu á markaði með skráningu verðbréfa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

328

milljóna hagnaður varð af rekstri Nasdaq verðbréfamistöðvar árið 2015.

syni, fyrrverandi framkvæmdastjóra rekstrarsviðs MP banka, Vilmundi Jósefssyni, fyrrverandi formanni Samtaka atvinnulífisins og stjórnarmanni í Vodafone, og Sigbrúði Ármann, lögfræðingi og

framkvæmdastjóra EXEDRA. Einar er framkvæmdastjóri félagsins en ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar.

Hluthafarnir ætla sér í beina samkeppni við Nasdaq verðbréfamistöð hf. sem er aftur í eigu bandarísku kauphallarsamstæðunnar NasdaqOMX. Ekkert annað félag hér á landi er nú með starfsleyfi sem verðbréfamistöð samkvæmt lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og Nasdaq því í einokunarstöðu. Eigendur félagsins hafa hagnast verulega á rekstri þess á undanföllum árum en afkoma þess eftir skatta árið 2015 batnaði um 60 milljónir króna milli ára og nam samtals tæplega 328 milljónum. Það jafngilti um 54 prósent ávöxtun eigin fjár en það var 607 milljónir í árslok 2015. haraldur@frettabladid.is

VÍS kaupir 3% hlut ESÍ í Kviku banka

Tryggingafélagið VÍS hefur gengið frá kaupum á 3,06 prósent hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ) í Kviku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Eftir kaupin á VÍS liðlega 25 prósent hlut og er langsamlega stærsti einstaki hluthafi fjárfestingabankans. Hlutur ESÍ var auglýstur til sölu um miðjan síðasta mánuð.

Áður hafði VÍS staðið fyrir kaupum á tæplega 22 prósent hlut í Kviku í ársbyrjun og nam heildar kaupverðið þá um 1.655 milljónum króna. Ekki fást staðfestar upplýsingar um hvað félagið greiddi fyrir hlut Seðlabankans í Kviku en ef gengið var hið sama og í janúar síðastliðnum, þegar VÍS keypti bréf í bankanum fyrir 5,4 krónur á hlut, þá nemur kaupverðið um 230 milljónum króna.

Í hluthafahópi Kviku eru jafnframt tveir stærstu einkafjárfestarnir í VÍS með samanlagt fimmtán prósent hlut. Hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, fyrrverandi aðaleigendur Skeljungs, eignuðust þannig ríflega átta prósent hlut í bankanum í desember 2016 auk þess sem félagið Grandier ehf., sem er í eigu Sigurðar Bollasonar og meðfjárfesta, keypti á sama tíma um sjö prósent. VÍS og stórir hluthafar í félaginu eiga því núna samanlagt um 40 prósent hlut í Kviku banka.

Svanhildur Nanna var sem kunnugt er kjörin stjórnarformaður VÍS þann 15. mars síðastliðinn og tveimur vikum síðar tilkynnti Her-



VÍS og stórir hluthafar í félaginu eiga núna 40% í Kviku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

25%

hlut á tryggingafélagið VÍS í Kviku banka eftir kaupin á hlut Seðlabankans

dis Dröfn Fjeldsted, sem hafði áður gegnt starfi stjórnarformanns, að hún hefði ákveðið að segja sig úr stjórn félagsins. Þá var Guðmundur Örn jafnframt kjörinn í stjórn Kviku banka fyrir skemmstu.

Fram kom í fréttaskýringu Markaðarins í síðustu viku, þar sem greint var frá því hvernig einkafjárfestar í hluthafahópi VÍS væru búnir að ná völdum í stjórn tryggingafyrirtækisins, að með þeim breytingum sem orðið hafa á stjórn þess væru auknar líkur á því að félagið muni áður en langt um liður falast eftir meirihluta í Kviku. Þannig er vítað að helstu einkafjárfestar VÍS, sem eiga núna þrjá af fjórum fulltrúum í stjórn félagsins, hafa talað hvað mest fyrir sameiningu eða frekari kaupum í Kviku, meðal annars í því skyni að ná fram samlegðaráhrifum í eignastýringarstarfsemi. – hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Egidsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir


Netfang auglýsinga auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!

Áuðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK RAFVERKTAKA



Mazda bílar eru hannaðir af ástríðu, hvert einasta smáatriði vel ígrundað og úthugsað. Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA



MAZDA CX-5 AWD



Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

S. 515 7000

Tryggvabraut 5
600 Akureyri

S. 515 7050

mazda.is

Eigendum Brims neitað um rannsókn

Enn annar kafli í deilum eigenda Brims og VSV var skrifaður í síðustu viku þegar beiðni um skipun rannsóknarmanna vegna Ufsabergsmálsins var hafnað. Forstjóri Brims segir ráðuneyti hafa fellt dóm en framkvæmdastjóri VSV er ánægður með niðurstöðuna.

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Mér finnst skrytið að ráðuneytið skuli hafa dæmt í málinu en við höldum að þeir ættu einungis að skipa rannsóknarmenn. Það er umhugsunarefni hvort minnihlutavernd sé enn við lýði í hlutafélögum á Íslandi," segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, um niðurstöðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um að hafna beiðni sjávarútvegsfyrirtækisins um skipan rannsóknarmanna svo rannsakna mætti tiltekna þætti í starfsemi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (VSV) og meðferð eigin fjár í tengslum við samruna VSV og útgerðarinnar Ufsabergs sem samþykkt var í október 2014.

Guðmundur vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið en ráðuneytið sendi eigendum Brims og VSV niðurstöðu sína í fimmtán blaðsíðna greinargerð sem var í kjölfarið birt á vef síðarnefnda fyrirtækisins á föstudag. Brim, sem er í eigu Guðmundar og Hjálmar Kristjánssona, á 33 prósent hlut í VSV en átök þeirra bræðra og hóps Vestmannaeyinga sem eiga meirihluta í félaginu eiga sér um tíu ára sögu. Deilurnar náðu hámarki þegar VSV keypti hluti í Ufsabergi árin 2008 og 2011 en bræðurnir voru ósáttir við þá ákvörðun og síðar samruna fyrirtækjanna tveggja.

Fengu endurupptöku

Brim og einkahlutafélagið Stilla útgerð, sem fór þangað til í mars 2016 með 25 prósent af eignarhlut bræðranna í VSV, fóru fram á að ráðuneytið skipaði rannsóknarmenn. Stilla útgerð bar á aðalfundi VSV þann 2. júní 2015 upp tillögu þess efnis að þeir yrðu tilnefndir með vísan til laga um hlutafélög og fékk hún fylgi hluthafa umfram það lágmark sem ákvæði laganna tilgreinir. Í bréfi til ráðuneytisins í lok þess mánaðar fóru bræðurnir fram á að afhending hlutafjár í eigu félagsins til eigenda Ufsabergs yrði rannsókuð sem og verðmat á eignunum í viðskiptunum og hvort hagsmunir félagsins hafi verið fyrir borð bornir.

Rúmu ári síðar héldu eigendur Brims því fram, í öðru bréfi til ráðuneytisins, að raunverulegur tilgangur samrunans við Ufsaberg hefði verið að þynna út hlutafjáreign og völd minnihlutans til hagsbóta fyrir aðra hluthafa og aðstandendur



Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, vildi að rannsóknarmenn skoðuðu samruna VSV og Ufsabergs.

þeirra. Bræðurnir höfðu þá farið fram á að málið yrði endurupptekið, vegna niðurstöðu Hæstaréttar í júní 2016 sem heimilaði samrunann. Héraðsdómur Suðurlands hafði áður ógilt samrunann eða í nóvember 2015 og töldu bræðurnir þá niðurstöðu færa enn frekari rök fyrir að tilnefna ætti rannsóknarmenn.

„Enginn dómur“

Ráðuneytið rökstyður niðurstöðuna um að hafna rannsóknarbeiðni Brims með vísun til álits Umboðsmanns Alþingis á því hvað skuli teljast „nægilegar ástæður“ til þess að fallist sé á tilmæli minni hluthafa um tilnefningu rannsóknarmanna í félagi. Það eigi einungis við þegar fyrir liggur alvarlegur grunur um óviðeigandi eða óréttmæta háttsemi innan félags svo komið sé í veg fyrir að slík rannsókn sé notuð sem almennt úrræði til óskilgreindrar leitar í fyrirtæki eða tæki til hótana. Ekki væru komnar fram nægjanlegar

Ráðuneytið segir að það sé ekkert tilefni til að fá að þessu rannsóknarmenn. Þetta er enginn dómur heldur einungis niðurstaða.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV



ástæður til að samþykkja tilmæli um tilnefningu rannsóknarmanna.

„Ráðuneytið segir að það sé ekkert tilefni til að fá að þessu rannsóknarmenn. Þetta er enginn dómur heldur einungis niðurstaða. Við höfum komið með öll gögn og allt upp á borðið og ráðuneytið telur einfaldlega ekki tilefni til rannsókna,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV, í samtali við Markaðinn.

Hlutturinn þyntist

Brim eignaðist þriðjungshlutinn í VSV um miðjan mars í fyrra þegar Guðmundur og Hjálmar færðu öll bréf Stilla útgerðar, og önnur sem þeir áttu, í félaginu yfir á sjávarútvegsfyrirtæki sitt. Bræðurnir höfðu skömmu áður keypt tæpan tveggja prósent hlut í VSV. Í árslok 2015 áttu þeir 25 prósent í VSV í gegnum Stilla og átti Guðmundur þar að auki fjögur prósent í eigin nafni og Hjálmar 1,85 prósent í gegnum KG Fiskverkun ehf. Bréf þeirra í fyrirtækinu í Vestmannaeyjum voru fyrir ári metin á 11,5 milljarða króna.

Bræðurnir stefndu í kjölfarið að tveimur stjórnarsætum í VSV og einum manni í varastjórn. Guðmundur sagði þá í samtali við DV að eigendur Brims hefðu talið að áherslur meirihlutaeignenda fyrirtækisins hefðu ekki verið réttar og það því dregist aftur úr öðrum stórum sjávarútvegsfyrirtækjum.

þegar sameining VSV og Ufsabergs gekk svo í gegn í júní í fyrra þyntist eignarhlutur Brims úr um 34 prósentum í 32,88.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hafnaði í ágúst í fyrra kröfu Brims um lögban á hluthafafund VSV sem haldinn var í lok þess mánaðar. Á þeim fundi var ný stjórn félagsins kjörin en krafan um lögban átti rætur að rekja til deilna um stjórnarkjör á aðalfundi VSV þann 6. júlí sama ár. Þar náðu eigendur Brims einungis inn einum aðalmanni í stjórn og gerðu í kjölfarið athugasemdir við hvernig staðið var að stjórnarkjörinu. Stjórn VSV samþykkti í kjölfarið að boda til hluthafafundarins og var skipan hennar óbreytt í kjölfarið.

Ingvar Eyfjörð, eigandi Áltavíkur ehf., var fulltrúi eigenda Brims í stjórn VSV frá ágúst í fyrra og þangað til í síðustu viku. Guðmundur Kristjánsson var þá aftur kjörinn í stjórn félagsins í stað Ingvars.

Höfnin tapaði 428 milljónum króna

Reykjaneshöfn tapaði 427,8 milljónum króna í fyrra og var bókfært eigið fé hennar þá neikvætt um 5.455 milljónir króna. Þetta kom fram í tilkynningu hafnarinnar til Kauphallar Íslands en eiginfjárlutfall hennar var neikvætt um 179 prósent í árslok 2016.

Samkvæmt ársreikningi Reykjaneshafnar, sem er í eigu Reykjanesbæjar, var í fjárhagsáætlun hennar fyrir 2016 gert ráð fyrir að kísilver United Silicon í Helgúvik myndi hefja starfsemi á árinu. Það gekk eftir en þó seinna en fyrirhugað var. Einnig var reiknað með að uppbygging á kísilveri Thorsil ehf. myndi hefjast á næstu lóð með auknum tekjum því samfara fyrir höfnina. Fjármögnun Thorsil hefur aftur á móti dregist, og enn er langt í land, eins og kom fram í Markaðnum í síðustu viku.

„Það leiddi til þess að tekjuáætlanir ársins breyttust verulega miðað við samþykktu fjárhagsáætlun. Tekjuaukning varð þó á árinu umfram áætlun í öðrum þáttum starfseminnar vegna aukinnar skipaumferðar. Einnig var aukning í þjónustutekjum og vörugjöldum sem má rekja meðal annars til framkvæmda á Keflavíkflugvelli ásamt aukningu á flugumferð um völinn,“ segir í ársreikningnum.

Reykjaneshöfn á enn í viðræðum við kröfuhafa sína en þær hafa farið fram síðan í lok 2015. Þá lá fyrir að höfnin gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar en nú er vonast til að viðræðum ljúki á þessu ári. Þangað til leikur vafi á rekstrarhæfi hafnarinnar þrátt fyrir að uppbygging í Helgúvik eigi að leiða til tekjuaukningar á komandi árum. – hg



Tafir á framkvæmdum í Helgúvik hafa sett strik í reikninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HP Spectre

Einstök hönnun og nánast fullkomin

Ótrúlega þunn og létt fartölva sem á sér enga líka



Ótrúlega þunn,
aðeins 10.4 mm
og 1.1 kg.



Einstök
rafhlöðuending,
ný „hybrid“ tækni.



Frábært hljóð
frá Bang & Olufsen.



Intel® Core™ i5 eða
i7 og Thunderbolt
3.0 tengi.

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/premium

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.



Opin Kerfi
- allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is



Sá sem stýrir félaginu sem heldur utan um hlut Taconic Capital í Arion banka – og hefur allt ákvörðunarvald um fjárfestingar þess – er Frank Brosens, eigandi sjóðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Vogunarsjóðurinn sem veðjar á Ísland

Fimm árum eftir að Taconic keypti kröfur á Kaupþing nemur fjárfesting sjóðsins á Íslandi um 150 milljörðum króna. Kaup á 30% í Arion drifin áfram af Taconic. Tilkynnti FME í síðustu viku að sjóðurinn vilji eignast virkan hlut. Seldi allt í skráðum félögum á árinu.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Fjárfesting bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital, sem leiddi þann hóp erlendra fjárfesta sem keypti í síðasta mánuði tæplega 30 prósentu hlut í Arion banka, í kröfum á íslensk félög, ríkisskuldabréfum og hlutafé fyrirtækja, nemur í dag yfir 150 milljörðum króna. Þar munar langsamlega mest um tæplega 40 prósentu hlut Taconic Capital í Kaupþingi. Sjóðurinn meira en tvöfaldaði hlut sinn í fyrra með uppkaupum á bréfum annarra hluthafa, meðal annars með kaupum á sex prósentu hlut Seðlabankans fyrir um 19 milljarða, en miðað við áætlaðar endurheimtur má gera ráð fyrir að hlutur Taconic Capital í Kaupþingi sé núna í kringum 130 milljarða króna virði.

Sú fjárfesting mun aukast enn frekar á næstunni þegar vogunarsjóðurinn hyggst bæta við hlut sinn í Arion banka. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur vogunarsjóðurinn, sem keypti 9,99 prósentu hlut fyrir 16,7 milljarða, sent tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins (FME) þar sem hann fer þess á leit að hefja formlega það ferli að vera metinn hæfur til að fara með virkan eignarhlut í bankanum. Var tilkynning Taconic Capital send til FME síðastliðinn fimmtudag en stofnunin hefur 60 virka daga til að

afgreiða umsóknina frá staðfestingu fullbúinnar tilkynningar.

Attestor næstir í röðinni

Þrátt fyrir að Taconic Capital fari ekki sem stendur með virkan eignarhlut, sem miðast við tíu prósentu hlut í fjármálafyrirtæki, þá hefur verið mjög rík krafa á meðal stjórnmalamanna að FME framkvæmi sem fyrst hæfismat á hinum nýju hluthöfum Arion banka. Tilkynning vogunarsjóðsins til Fjármálaeftirlitsins í síðustu viku um að hefja slíkt hæfismat er vegna yfirlýstra áforma Taconic Capital – og tveggja annarra sjóða sem keyptu jafnframt hlut í bankanum af Kaupþingi – að nýta sér kauprétt síðar á árinu og eignast þannig meira en tíu prósentu hlut í bankanum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins stefnir vogunarsjóðurinn Attestor Capital, sem á sömuleiðis 9,99 prósentu hlut í Arion banka, að því að tilkynna FME um að hann hyggist eignast virkan eignarhlut í bankanum fyrir eða strax eftir páska. Á meðan undirbúningur og vinna Fjármálaeftirlitsins stendur yfir um að meta hvort sjóðirnir uppfylli kröfur um að gerast virkir eigendur að fjármálafyrirtæki hafa þeir, eins og fram hefur komið í tilkynningu frá FME, fallist á að eignarhlutum þeirra í Arion banka fylgi ekki atkvæðisréttur. Vogunarsjóðirnir eru því í reynd áhrifalausir hluthafar á meðan beðið er niðurstöðu þess hæfismats.

Kaupin drifin áfram af Taconic
Fjárfestarnir sem standa að kaupun-

Fjárfesting Taconic Capital í eignum og félögum

| FJÁRFESTING | HLUTUR | MARKAÐSVIRDI |
|-------------------------|--------|---------------------|
| Kaupþing | 40% | 130 milljarðar |
| Arion banki | 9,99% | 17 milljarðar |
| Íslensk ríkisskuldabréf | | 5 til 10 milljarðar |
| Glitnir | 23% | 5 milljarðar |

um á Arion banka – Taconic Capital, Attestor Capital, Och-Ziff Capital og Goldman Sachs – eru sem kunnugt er jafnframt stærstu hluthafar Kaupþings en samanlagður hlutur þeirra í félaginu nemur um 70 prósentum. Á tímabili leit þó út fyrir að Taconic Capital yrði eini sjóðurinn sem myndi kaupa í bankanum. Frá og með haustinu 2016, samhliða því að Kaupþing átti í viðræðum við ráðgjafa íslenskra lífeyrissjóða um kaup á stórum hlut í bankanum í lokuðu útboði, voru uppi áform um að einhverjir í hluthafahópi Kaupþings myndu skuldbinda sig til að fjárfesta í Arion banka á sama gengi og lífeyrissjóðirnir.

Taconic Capital gerði þannig strax tilboð í hlut í bankanum í desember í fyrra, samkvæmt heimildum Markaðarins, en á þeim tíma voru aðrir fjárfestingasjóðir á meðal hluthafa Kaupþings ekki reidubúnir að gera slíkt hið sama. Sú afstaða tók hins vegar breytingum á þessu ári og um tveimur mánuðum síðar, eða þann 12. febrúar, náðist samkomulag, með ýmsum fyrirvörum, um að fjórir stærstu hluthafar Kaupþings myndu kaupa 29,2 prósentu

Efnahagsumhverfið er mjög gott og núna þegar Ísland er að brjótast út úr höftum virðist það ætla að vaxa jafnvel hraðar en við bjuggumst við

Frank Brosens, eigandi Taconic

hlut í Arion banka auk þess að eiga kauprétt að um 22 prósentu hlut til viðbótar síðar á árinu – áður en fyrirhugað útboð og skráning á bankanum fer fram. Kaupverðið nam 48,8 milljörðum, eða á genginu rúmlega 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka í lok þriðja ársfjórðungs 2016. Eftir að tilkynnt var formlega um kaupin 19. mars var frekari viðræðum við lífeyrissjóðina slitið en þeir höfðu haft uppi áform, enda þótt ekki hafi verið búið að skrifa undir neitt samkomulag á þeim tíma, um að eignast 20 til 25 prósentu hlut í Arion banka.

Veðjar á hagsveifluna
Í krafti eignarhlutar síns í Kaupþingi hefur Taconic Capital haft

afar mikil ítök í sölufarli Arion banka á undanförunum mánuðum og misserum. Til marks um þau áhrif sjóðsins innan Kaupþings þá voru þeir Paul Copley, núverandi stjórnarmaður og forstjóri, og John P. Madden, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, fengnir til liðs við félagið í ársbyrjun 2016 fyrir tilstuðlan Keiths Magliana, en hann hefur stýrt umsvifum Taconic Capital hér á landi frá því að sjóðurinn keypti fyrst kröfur á Kaupþing 2012. Í kjölfarið var Madden kjörinn í stjórn Arion banka í september í fyrra og er hann sá eini í stjórn bankans með bein tengsl við Kaupþing.

Þrátt fyrir að sjóðurinn sjái fyrir sér að hægt verði að ná fram hagræðingu í rekstri Arion banka – og þannig mögulega losa um hlut sinn með hagnaði eftir að hann verður skráður á markað – þá er fjárfesting hans í bankanum, að sögn þeirra sem þekkja vel til, ekki síður hugsuð sem veðmál á hagsveifluna á Íslandi. Til marks um það er Taconic Capital hlutfallslega minnst varinn gagnvart gengissveiflum krónunnar í tengslum við kaup sjóðanna á hlut í Arion banka. Þannig er vogunarsjóðurinn með samninga um gengisvarnir sem nema undir 40 prósentum af fjárfestingu hans í bankanum, samkvæmt heimildum Markaðarins, en til samanburðar gerði Och-Ziff Capital gjaldmiðlaskiptasamninga sem tryggja að fjárfesting sjóðsins er að stærstum hluta varin fyrir gengi krónunnar.

Spurður af hverju sjö milljarða dala vogunarsjóður væri að fjárfesta í viðskiptabanka á Íslandi, benti

800

milljarðar eru heildareignir sem vogunarsjóðurinn Taconic Capital er með í stýringu.

Frank Brosens, stofnandi og eigandi Taconic Capital, í viðtali sem birtist í Fréttablaðinu 20. mars síðastliðinn, á sterka stöðu hagkerfisins og þann mikla viðsnúning sem hefði orðið á undanförunum árum. „Þegar þú lítur á tölur um hagvöxt, mikinn viðskiptaafgang, ört vaxandi gjaldeyrisforða og litlar skuldir ríkisins þá er efnahagsstaða Íslands á pari við það sem best gerist hjá nokkru öðru ríki í heiminum. Efnahagsumhverfið er því mjög gott og núna þegar Ísland er að brjótast út úr höftum virðist það ætla að vaxa jafnvel hraðar en við bjuggumst við,“ sagði Brosens. Hann væri því þeirrar skoðunar, með hliðsjón af styrkleika hagkerfisins, að gengi krónunnar myndi haldast sterkt og sjóðurinn vilji því fjárfesta í henni.

Stór í vaxtamunarviðskiptum

Taconic Capital hefur nú þegar notið góðs af gengisstyrkingu krónunnar á síðustu misserum en sjóðurinn var á meðal þeirra sem stóðu að baki samtals um 80 milljarða innflæði gjaldeyris á árunum 2015 og 2016 vegna fjárfestinga í íslenskum ríkisskuldabréfum. Langsamlega umsvifamestu sjóðirnir í þeim viðskiptum, þar sem aðdráttarafið var ekki hvað síst að hagnast á nærri 4 prósentu vaxtamun Íslands við útlönd, voru fjárfestingasjóðir í stýr-

Taconic Capital hjálpaði við að skera á hnútinn

Taconic Capital var eini fjárfestingasjóðurinn sem var á meðal stærstu kröfuhafa bæði Glitnis og Kaupþings þegar ráðgjafar stjórnvalda kynntu fulltrúum slitabúa gömlu bankanna vorið 2015 áform um að koma fram með 39 prósentu stöðugleikaskatt á eignir búanna. Vogunarsjóðurinn var í kjölfarið í hópi þeirra kröfuhafa sem áttu fulltrúa á fundum sem fóru fram með framkvæmdahópi stjórnvalda um losun hafta þar sem þeim var gerð grein fyrir ófrávikjanlegum stöðugleikaskilyrðum sem slitabúin þyrftu að uppfylla vildu þau forðast stöðugleikaskattinn.

Sá sem sótti þá fundi fyrir Taconic Capital var Keith Magliana, sjóðstjóri í London, en hann – ásamt Frank Brosens, eiganda sjóðsins – eru sagðir hafa gegnt lykilhlutverki í því að fá alla kröfuhafa bankanna til að samþykkja að lokum stöðugleikaskilyrði stjórnvalda. Það átti einkum við í tilfelli Glitnis en fyrsta tilboð sem kröfuhafar þess settu fram hljóðaði upp á afhendingu krónueigna að fjárhæð um 70 milljarðar, samkvæmt heimildum Markaðarins. Niðurstaðan varð hins vegar að



Keith Magliana hefur stýrt fjárfestingum Taconic Capital á Íslandi síðustu ár.

lokum sú að kröfuhafar féllust á að gefa eftir krónueignir upp á um 230 milljarða, miðað við þáverandi bókfært virði, eða sem nam um fjórðungi heildareigna Glitnis.

Þau tengsl sem Brosens hafði við eigendur vogunarsjóða sem voru einnig kröfuhafar bankanna, meðal annars Davidson Kempner, sem þá var stærsti kröfuhafi Glitnis, skiptu ekki hvað síst máli við að sannfæra þá um að réttast væri að ljúka uppgjöri slitabúanna í sátt við stjórnvöld í stað þess að fara dómstólaleiðina, að sögn þeirra sem þekkja vel til. Þar horfði Brosens meðal annars til þess að sjóðurinn væri í sterkri stöðu til að nýta sér þau fjárfestingatækifæri sem hann taldi vera fyrir hendi á Íslandi eftir losun hafta, eins og komið hefur á daginn.

ingu Eaton Vance og BlueBay Asset Management. Fjárfesting sjóða á vegum Taconic Capital í íslenskum ríkisskuldabréfum á þessum tíma nam hins vegar á bilinu 5 til 10 milljörðum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Þeir sjóðir sem keyptu ríkisskuldabréf gegnum nýfjárfestingaleið Seðlabankans á seinni helm-

ingi ársins 2015, skömmu eftir að stjórnvöld kynntu áætlun sína um losun fjármagnshafta, hafa hagnast verulega á fjárfestingu sinni. Þannig mætti taka sem dæmi að ef Taconic Capital hefur keypt fyrir um tíu milljarða í löngum ríkisskuldabréfum – RB31 – í ágúst 2015, jafnvirði um 68 milljóna evra á þáverandi gengi, gæti sjóðurinn selt þau bréf

í dag og innleyst um 25 prósentu gengishagnað, eða sem nemur um 2,5 milljörðum. Þá væri hann að auki búinn að ávinna sér um einn milljarð króna í vaxtagreiðslur. Slik vaxtamunarviðskipti stöðvuðust hins vegar nánast alfarið í júní 2016 þegar Seðlabanki Íslands kynnti svonefnt fjárstreymistæki í því skyni að stemma stigu við of miklu skammtimainnflæði fjármagns.

Seldi allt í skráðum félögum

Taconic Capital hóf jafnframt á árinu 2016 að gera sig gildandi á íslenskum hlutabréfamarkaði með kaupum á bréfum í ýmsum skráðum félögum. Þannig átti sjóðurinn í árslok 2016 meðal annars hlutabréf í Reitum fasteignafélagi, Icelandair Group, Högum, Marel, Eik fasteignafélagi og N1. Þrátt fyrir að sú fjárfesting hafi á þeim tíma samanlagt numið milljörðum króna þá voru kaup sjóðsins í hverju félagi fyrir sig ekki af þeirri stærðargræðu að þau skiluðu honum á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa. Það sem af er þessu ári hefur sjóðurinn hins vegar selt öll bréf sín í skráðum félögum á Íslandi en samkvæmt lista yfir alla hluthafa fyrrnefndra félaga í lok síðustu viku, sem Markaðurinn hefur séð, hafa sjóðir Taconic Capital losað um þá eignarhluti.

Við staðfestingu nauðasamninga Glitnis í árslok 2015 var Taconic Capital á meðal tíu stærstu kröfuhafa gamla bankans. Ári síðar var sjóðurinn búinn að stækka verulega hlut sinn en samkvæmt nýjum ársreikningi Glitnis HoldCo, eignarhaldsfélags sem var stofnað á grunni eigna slitabúsins, var Taconic Capital með liðlega 23 prósentu hlut. Miðað við áætlaðar heimtur hlut-

48,8

milljarða borguðu vogunarsjóðir og Goldman Sachs samtals fyrir tæplega 30 prósentu hlut í Arion banka.

hafa Glitnis má gera ráð fyrir að hlutur vogunarsjóðsins á þeim tíma hafi verið metinn á um 5 milljarða króna. Ólíkt Kaupþingi, en heildareignir þess námu um 400 milljörðum í lok síðasta árs, hefur Glitnir umbreytt nánast öllum eignum sínum í reiðufé og greitt út til hluthafa og að óbreyttu verður því verkefni að mestu lokið á þessu ári.

Valdið í höndum Brosens

Sá sem stýrir félaginu sem heldur utan um hlut Taconic Capital í Arion banka – og hefur þar með allt ákvörðunarvald um fjárfestingar þess – er Frank Brosens en hann er jafnframt á meðal endanlegra eigenda að sjóðnum sem hefur keypt í bankanum. Áður en Brosens stofnaði vogunarsjóðinn Taconic Capital árið 1999 hafði hann verið um tuttugu ára skeið hjá bandaríska fjárfestingabankanum Goldman Sachs, þar sem hann starfaði meðal annars um tíma náið með Robert Rubin og Larry Summers, sem síðar urðu báðir fjármálaráðherrar í stjórnartíð Bills Clinton. Brosens heimsótti Ísland síðast, samkvæmt heimildum Markaðarins, í júnímánuði 2016 þar sem hann var meðal annars gestur í boði bandaríska sendiráðsins ásamt ýmsum háttsettum embættismönnum og áhrifafólki í efnahagslífinu.



Það borgar sig að vera hjá 365

iPhone 7

Á FRÁBÆRU VERÐI

iPhone 7 Jet Black / 128 GB

99.990 kr. stgr

Fullt verð: **134.990 kr.**

**GLÆSILEGUR
KAUPAUKI**
AÐ VERÐMÆTI 15.000 KR.

- Mánaðaráskrift af Fjölvarpi Veröld
- Inngöngutilboð í GSM áskrift hjá 365
- Tvö nýjustu GLAMOUR tímaritin



Tilboðið gildir í verslun 365, Skaftahlíð 24 og útibúi okkar í Kringlunni.



Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB.

Í frjálsum falli?

Ein algengustu mistök fjárfesta eru að elta ávöxtunartölur. Benjamin Graham, lærifaðir Warrens Buffett, ræðir um þetta í bókinni *The Intelligent Investor* og kallar þann sem hagar sér með þessum hætti Hr. Markað.

Sagan segir ekki endilega til um framhaldið

Hr. Markaður er hrifinn af því sem hefur hækkad í verði en vill losa sig við eignir sem hafa lækkað. Fyrir þessum verðbreytingum geta verið góðar ástæður og sennilega hafa þær ekkert um framtíðina að segja en samt virðist honum líða betur þegar hann hegðar sér með þessum hætti. Þar sem hlutabréf sveiflast reglulega talsvert í verði er ekki óalgengt að Hr. Markaður kaupir eða selji nálægt þeim tímupunkti sem verðið breytir um stefnu. Raunar segist Buffett leitast eftir því að eiga viðskipti við Hr. Markað, sem vill alltaf kaupa bréfin af honum dýrt og selja ódýrt.

Því miður ræðst hegðun fjárfesta oft af sögulegum gögnum fremur en væntingum um framtíðina. Í daglegu tali er jafnvel talað um að verðbólgan „sé 1,9%“, krónan „sé að styrkjast“ og hlutabréf jafnvel „í frjálsum falli“. Réttara væri að segja að verðbólgan hafi verið 1,9% síðustu 12 mánuði, krónan hafi styrkst og hlutabréf hafi lækkað í verði.

Þetta villandi orðalag getur valdið því að fjárfestar gefa sér að hreyfingar síðustu daga eða vikna séu varanleg stefna og taki ákvarðanir út frá því.

●● Því miður ræðst hegðun fjárfesta oft af sögulegum gögnum fremur en væntingum um framtíðina.

Frjálsa fallið buíð þegar fréttin berst?

Til gamans tók ég saman sjö síðustu fréttir íslenskra fjölmiðla um að hlutabréf fyrirtækja væru „í frjálsum falli“. Að meðaltali var mesta lækkingun dagsins, frá lokagengi síðasta viðskiptadags, 19,3%, sem vissulega er umtalsverð lækking. En var fallið frjálst?

Þegar lítið er á gengið viku eftir að fréttin var skrifuð höfðu hlutabréfin að meðaltali hækkad um 1,6% og um 5,5% sé miðað við 30 daga.

Úrtakið er kannski full lítið til að kalla mátti fréttir sem þessar kaup-tækifæri en þar sem Hr. Markaður leynist víða væri ekki úr vegi að endurskoda orðalagið.

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB.

Verðmæti Haga geti aukist um 5,8 milljarða fari áfengi í búðir

Fyrirtækjagreiðing Arion banka segir markaðsverðmæti Haga geta aukist um 5,8 milljarða króna ef áfengi fer í búðir. Ráðleggur fjárfestum að kaupa í Högum enda sé virði bréfanna 58 krónur á hlut. Skammtíma áhrifin af komu Costco hingað til lands verði enn meiri en bankinn spáði í desember síðastliðnum.

Markaðsvirði Haga gæti aukist um allt að 5,8 milljarða króna ef sala áfengis verður gefin frjáls. Þetta kemur fram í nýju verðmati fyrirtækjagreiðingar Arion banka á verslunarfyrirtækinu sem Markaðurinn hefur undir höndum. Þar ráðleggur bankinn fjárfestum að kaupa bréfi í Högum enda séu þau virði 58 króna á hlut eða 20 prósentum hærra en dagslokagengi félagsins í gær.

Verðmati Arion banka var dreift fyrir viku og breyttist virðismatsgengi hans á Högum tiltölulega lítið frá síðustu útgáfu í desember þegar bankinn mat bréfin á 59 krónur á hlut. Í nýja matinu er bent á þætti sem breytt geta afkomuhorfum Haga og þar á meðal frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak. Óljóst er hvert framhald málsins verður og benda starfsmenn bankans á að Hagar hafa ekki dregið dul á áhuga sinn á að hefja sölu áfengis í búðum. Hækkun á markaðsvirði verslunarfyrirtækisins ef frumvarpið verði að lögum miði við að Hagar fái ákveðna hlutdeild í rekstrarhagnaði Vínubúðarinnar til samræmis við áætlaða markaðshlutdeild á dagvörumarkaði og að teknu tilliti til mögulegrar fjárfestingar sem kynni að þurfa að koma til.

Í verðmatinu er aftur á móti ekki gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi með sölu áfengis hér á landi. Þar er einnig bent á að rúmur mánuður er í opnun Costco hér á landi og telur bankinn að skammtímaáhrifin af komu bandaríska verslunnarissans á rekstur Haga verði enn meiri en spáð var í eldra verðmatinu.

„Búðin mun vafalítið vera mikið í fréttum til að byrja með, enda miðað við áhuga landsmanna á að gerast korthafar hjá versluninni má fastlega gera ráð fyrir að opnunin



Verðmat Arion inniheldur kaup Haga á Lyfju sem nú eru til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.



Finnur Árnason, forstjóri Haga.

56

milljarðar er það sem markaðsverðmæti Haga nam við lokun markaða í gær

verði eins og stökkbreytt samanlögð opnun Lindex og Dunkin' Donuts. Að okkar mati er því rétt að fara með enn varfærnari forsendur inn í 2017-18 rekstrarárið og höfum við lækkað bæði forsendur um tekjuvöxt og brúttóframlegð enn frekar frá síðasta mati,“ segir í verðmati Arion banka og þar bent á að Hagar hafi aftur á móti fækkað óhagstæðum leigufermetrum um 4.200 fermetra frá síðasta mati.

haraldur@frettabladid.is

Hlaupaform stofublómsins er háð árstíðum

Svipmynd

Vala Dröfn Jóhannsdóttir

Vala Dröfn Jóhannsdóttir, markaðsstjóri hjá Vistor, er nýkjörin stjórnarformaður Frumtaka, samtaka frumlyfjaframleiðenda á Íslandi. Vala er 44 ára og býr í Hafnarfirði ásamt eiginmanni sínum, Gísla Þorsteinssyni, markaðsstjóra Nýherja, og börnum. Hún er sameindalíffræðingur að mennt en hefur einnig lokið námi í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði. Vala hefur starfað í fimmtán ár hjá Vistor hf., lyfjaheildsölu í Garðabæ; fyrst sem sölufulltrúi og svo markaðsstjóri fyrir lyfjafyrirtækin Novartis og Alcon.

Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem áfer ári? Þrátt fyrir stór loforð nýrrar ríkisstjórnar um að setja heilbrigðismál á oddinn, erum við komin aftur í þá stöðu að ekkert fjármagn er í fjárlögum fyrir innleiðingu nýrra lyfja á árinu. Í febrúar á þessu ári var lofað að úr þessu yrði bætt, en enn bólar ekkert á þessu viðbótarfjármagni.

Hvaða app notarðu mest? Facebook og Snapchat, en nota líka mikið öpp með afþreyingarefni svo sem Netflix til að horfa á þætti og kvikmyndir.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Ég nýti frítímamann helst til að vera



Vala Dröfn Jóhannsdóttir, markaðsstjóri Vistor.

●● Mér finnst líka ekkert betra en að slaka á í heita pottinum á pallinum heima hjá mér eftir annasaman dag.

með fjölskyldu og vinum. Mér finnst líka ekkert betra en að slaka á í heita pottinum á pallinum heima hjá mér eftir annasaman dag.

Hvernig heldur þú þér í formi? Ég byrjaði aðeins að hlaupa með hlaupahópi FH síðasta sumar og ætla að byrja á því aftur í vor. Yfir vetrartímam er ég hins vegar ekki mikið fyrir að vera úti, enda er ég óttalegt stofublóm. Það má því segja að hlaupaformið sé háð árstíðum.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Ég hlusta yfirleitt á vinsælustu tónlistina hverju sinni í útvarpinu, en ég hef líka mjög gaman af alls konar heimstónlist.

Ertu í þínu draumastarfi? Já, algjörlega. Í mínu starfi sameinast mín helstu áhugamál, sem eru heilbrigðismál, vísindi og samskipti við fólk. Vinnan er mjög fjölbreytt og engir tveir dagar eins. Svo er líka svo skemmtilegt að vinna hjá Vistor enda hef ég verið þar í fimmtán ár.




LÍF EFTIR DAUÐANN

NÝ ÍSLENSK SJÓNVARPSMYND
PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM



VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA
Kristbjörg Kjeld í 60 ár - skírdag



ÞRESTIR
Margverðlaunuð íslensk kvikmynd
föstudaginn langa



BAKK
Bráðfyndin íslensk gamanmynd
laugardag



BFG
Fjölskyldumynd eftir Steven Spielberg - páskadag



EMÍLIANA TORRINI OG SINFÓ
annan í páskum

ÍSLENSKIR PÁSKAR Á RÚV



ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ: SKEPNAN
skírdag, föstudaginn langa,
páskadag og annan í páskum



VÍKINGUR SPILAR PHILIP GLASS
skírdag



ALDREI FÖR ÉG SUÐUR
Á Rás 2, RÚV 2 og RÚV.is
föstudaginn langa og laugardag



77/87/97
Helstu plötur ársins
skírdag, föstudaginn langa og páskadag



OG HVAD SVO?
Rithöfundar fjalla um óvissuna
12.-17. apríl



AMERÍSKI DRAUMURINN
skírdag, föstudaginn langa,
páskadag og annan í páskum



GERVIGREIND
skírdag og föstudaginn langa



NEI, HÆTTU NÚ ALVEG
skírdag, föstudaginn langa,
páskadag og annan í páskum

RÁS 1

Krakkarúv ENDALAUST AF TÖFRANDI BARNAEFNI Í ÖLLUM MIÐLUM

RÁS 2



Páskaglaðningur á RÚV.is!
Gríptu gæsina og horfu á sérvaldar þáttaraðir
frá upphafi til enda á RÚV.is

RÚV

- okkar allra um páskana

Skotsilfur

Rak og réð
Sigrúnu Rögnu

Það vakti athygli þegar tilkynnt var á dögunum að Sigrún Ragna Ólafsdóttir, fyrrverandi forstjóri VÍS, hefði tekið sæti í stjórn Creditinfo Group. **Reynir Grétarsson**, forstjóri og eigandi Creditinfo, sat í stjórn VÍS þegar ákveðið var að skipta um forstjóra í ágúst 2016 og ráða Jakob Sigurðsson, sem þá var stjórnarformaður Creditinfo, í stað Sigrúnar Rögnu. Vitað er að Reynir var á meðal þeirra í stjórnarmanna VÍS sem töluðu hvað helst fyrir því að ráða þyrfti nýjan forstjóra og lagði fram þá tillögu að fá Jakob í starfið.

Fækkar í röðum
Kaupþings

Starfsmönnum Kaupþings hefur fækkað mjög að undanförunni samhliða því að félagið hefur verið að selja eignir í stórum stíl og hraða þannig útgreiðslum til hluthafa. Á meðal þeirra sem hafa nýlega látið af störfum er **Marinó Guðmundsson** sem hafði verið um árabíl hjá Kaupþingi og var í hópi lykilstarfsmanna í eignastýringu. Starfsmenn munu fá greiddan bónus, eigi síðar en í apríl 2018, sem getur að hámarki verið 1.300 milljónir. Markmið bónuskerfisins, eins og kom fram í máli Pauls Copley, forstjóra Kaupþings, var einkum að „umbuna fólk til að leggja niður starf sitt hraðar en það annars gerði“. Það virðist vera að ganga eftir.



Lán og nýtt met

Ríkissjóður mun lána Vaðlaheiðar-göngum 4,7 milljarða króna til viðbótar við 8,7 milljarða lánið til verkefnisins sem var samþykkt í júní 2012. **Benedikt Jóhannesson**, fjármála- og efnahagsráðgjafi, sagði í mars að hann myndi beita sér fyrir því að ríkið lánaði meira fé í framkvæmdina. Það var svo samþykkt í síðustu viku en þá gerðust einnig önnur undur og stórmerki. Verktakar í göngunum náðu þá vikuna að bora alls 96,5 metra og var um nýtt met að ráða. Mánuðina og jafnvel síðustu árin á undan taldist það gott þegar þeir náðu yfir 30 metrum á viku.



Ávarpaði ritstjórn New York Times



Ljósmyndarinn Daniel Berehulak ávarpaði samstarfsfélaga sína á The New York Times á mánudag eftir að hann vann Pulitzer-verðlaun fyrir myndir sínar. Sýndu þær ofbeldið sem hefur fylgt ógafullri baráttu stjórnvalda á Filippseyjum gegn eiturfjasölu þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ómöguleiki gengisspádóma



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Það eru sennilega 20 ár síðan ég gerði fyrstu gengisspána mína og ég er enn að. Ég hef hins vegar aldrei farið leynt með það að ég held ekki að maður geti kerfisbundið „snúði á markaðinn“ – og sérstaklega ekki gjaldeyrismarkaðinn.

Ég hallast að því að gjaldeyrismarkaðir séu það sem hagfræðingar kalla „skilvirkir“ að því leyti að allar opinberar upplýsingar endurspeglar í markaðsverðinu, sem gerir það ómögulegt að snúa kerfisbundið á

markaðinn nema maður hafi innherjaupplýsingar.

Og síðan ég byrjaði að spá fyrir um gengisþróun hef ég þekkt til fræðilegra skrifa um gengið, og aftur og aftur hefur það sýnt sig að gengisþróunin – sérstaklega til skamms tíma – er það sem hagfræðingar kalla „slembigöngu“. Að giska á hvort gjaldmiðill fer upp eða niður (miðað við markaðsvæntingar) er eins og að kasta upp peningi. Einmitt vegna þess að gjaldeyrismarkaðir endurspeglar yfirleitt nú þegar allar tiltækar opinberar upplýsingar.

Af hverju að hafa fyrir því?

Að gefnum þeim efasemdum sem ég hef um getuna til að snúa á markaðinn vaknar auðvitað sú spurning af hverju ég sé að reyna það. Einfalda svarið er: „Ég fæ borgað fyrir það.“ Réttara svar er: „Ég verð að gera það,“ í þeim skilningi að lífið snýst um að taka ákvarðanir. Allt sem við gerum snýst að einhverju leyti um spádóma. Þegar við förum yfir götu metum við hvort bill muni

Fyrir 20 árum – eins og í dag – taldi ég að maður gæti ekki kerfisbundið snúði á gjaldeyrismarkaðinn.

keyra á okkur eða ekki. Við metum áhættuna.

Öll fyrirtæki sem hafa útgjöld og tekjur í mismunandi gjaldmiðlum verða að hafa skoðun á því hvernig gjaldmiðlarnir muni þróast og verða að ákveða hvort þau baktryggi sig fyrir áhættunni eða ekki, á nákvæmlega sama hátt og þau ákveða hvort þau kaupi brunatryggingu.

Forðist að tapa fyrir markaðnum

Skoðanir mínar á gjaldeyrismarkaðnum hafa þróast mikið á síðustu 20 árum þrátt fyrir að ég sé sömu skoðunar í dag og fyrir 20 árum. Fyrir 20 árum – eins og í dag – taldi ég að maður gæti ekki kerfisbundið snúði á gjaldeyrismarkaðinn. En núna einbeiti ég mér ekki lengur að því að snúa á markaðinn heldur

að því að reyna að láta markaðinn ekki snúa á mig. Og ég held að ég geti það.

Þess vegna held ég að ég geti almennt komið fram með gengisspár sem eru eins góðar og spár markaðarins. Með spám markaðarins á ég við það sem svokallaðir framvirkir markaðir segja okkur um framtíðargengið. Ég hef einnig komist að þeirri staðföstu niðurstöðu að maður geti gert þetta með því að vera kerfisbundinn og einbeita sér að þeim 4-5 þáttum sem hagfræðibækurnar segja manni að knýi gengisþróunina – hlutfallslegri verðbólgu og hlutfallslegri peningamálastefnu, framleiðni, viðskiptakjörum og ytra ójafnvægi (viðskiptahalla) og ef maður gerir það á maður býsna góða möguleika á að standa sig eins vel og markaðurinn og jafnvel snúa á markaðinn annað slag. Og það sem ég tel að skipti kannski mestu máli er að maður græðir mikið á að hunska „pólitískan hávaða“ þegar maður spár fyrir um gengið þar sem „pólitískur hávaði“ er oft einmitt það – hávaði.

Af græðgi og gjafmildi



Hin hliðin

Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri FranklinCovey, og FKA-félagsskona.

Það kann að vera að heilagleiki dymbilvikunnar sé hvatinn að skrifum mínum í dag eða mögulega er ég einfaldlega langþreytt á tregðu okkar mannfólksins við að þróast til betri vegar – þrátt fyrir að vita betur og hafa allar forsendur til að lifa saman í sátt og með sóma. Það er sama hvert

er lítið í fréttamiðlum samtímans, þá virðist rót vanda okkar enn grundvallast á syndum, sem forfeður okkar hafa hvatt okkur í árbúsundir til að vera vakandi fyrir og forðast. En við í blindni, í ferringu eða í leti gleymum verðmætunum sem eru fólgin í dyggðum eins og hógværd, þolinmæði, kærleik, árvekni og hófsemi. Að ógleymdri gjafmildi.

Rýnum í nokkrar fréttir síðustu vikna og skoðum hvað þær eiga sameiginlegt. Linnulaust valdabrölt í stjórnnum nokkurra fyrirtækja landsins, þar sem græðgi færra í völd og fé

varpar skugga á stolt og starfsgleði þeirra sem í raun skapa verðmætin. Ný gögn um sölu bankanna varpa ljósi á botnlausu græðgi færra, sem í einfaldni halda að þeir komist upp með að „eignast“ allt með skipulegri blekkingu og síðar gleymsku. Sókn fasteignafélaga í að færa land og eignir á færra hendur hækka markaðsverð, og stærðarhagkvæmni þjónar hagsmunum færra eigenda en er leigutökum til tjóns. Skammtímasjónarmið ráða ferðinni í ferðabjónustunni, þar sem allir ætla að græða á þessari „síldarvertíð“, en alltof fáir eru til-

búnir að huga að fjárfestingu í öryggi og innviðum, sanngjörnum launum og þjálfun, og því mikilvægasta af öllu, að standa vörð um auðlindina.

Græðgi er skilgreind sem óhófleg eða ósejðandi löngun í auð, völd eða „status“. Græðgi rænnir okkur viskunni til að greina á milli langana okkar og þarfa. Erich Fromm lýsti græðgi sem botnlausri hit, sem drepur fólk í linnulausri leit sinni að ánægju, sem aldrei finnst. Græðgi virðist vera rauður þráður eða grár gaddavir í fréttum samtímans. Og hef ég þá ekki sótt heim bramboltið í Hvíta húsinu í

vestri eða frásagnir um ógnarstýrjaldir sem þjaka þjóðir í austurátt.

Hvernig væri að endurskrifa reglur leiksins þannig að sá sem gefur mest vinnur? Sá sem varðveitir mest af náttúruauðlindum fær bikarinn. Sá sem skilar okkur peningunum og setur í uppbyggingu heilbrigðiskerfis og háskóla fær aftur hluta af ærunni. Sá sem gefur af tíma sínum og þekkingu til þeirra sem þurfa er hinn raunverulegi sigurvegari. Sá lifir best sem metur verðmæti sín ekki út frá því „hvað ég á“ – heldur „hvað ég gef“. Hvað ætlar þú að gefa af þér?

**KK &
MAGGI EIRÍKS**
ÁSAMT HLJÓMSVEIT



Ferðalögin

Háskólabíó 20. maí

midi.is

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Holur hljómur

Í síðastliðinni viku bárust tíðindin af rekstrarvanda dagblaðsins Fréttatímans. Hlé varð að gera á útgáfu blaðsins og starfsfólk fékk ekki greidd laun eins og það hafði gert ráð fyrir og átti rétt á.

Ritstjóri blaðsins og aðaleigandi, Gunnar Smári Egilsson, dró á meðan sængina upp fyrir haus og lét ekki í sér heyra meðan starfsfólk tróð marvaðann fyrir framtíð blaðsins. Og það án þess að þiggja laun fyrir.

Þegar þetta er ritað er alls óvíst um framtíð Fréttatímans. Gefið hefur verið í skyn að nýir eigendur hyggist koma að útgáfunni, en enn liggur ekkert fyrir í þeim efnum. Vonandi tekst að rétta Fréttatímann við en útséð virðist um að Gunnar Smári komi að þeim leiðangri.

Eins og margir vita er þetta ekki í fyrsta sinn sem Gunnar Smári gengur frá fjölmiðlarkstri með öngulinn í rassinum. Hann átti ekki farsæla daga sem forstjóri fjölmiðlarisans Dagsbrúnar á sínum tíma þar sem sinnuleysi um annarra manna fé var sem rauður þráður. Hver man annars ekki eftir hinni íslensku CNN - NFS sem flytja átti fréttir úr örsamfélaginu allan liðlangan daginn?

Þekktasta dæmið var þó sennilega friðlaðið Nyhedsavisen sem sigra átti Danmörku á met tíma. Þar sátu fjárfestar enn á ný eftir með sárt ennið.

Margir hafa kannski dregið þá ályktun nú eftir Fréttatímamafarsann að Gunnari Smára ætti sennilega ekki að treysta fyrir annarra manna fé. Almennigur í landinu virtist að minnsta kosti á þeirri skoðun miðað við hrapallega misheppnaða landssöfnun sem Gunnar Smári efndi til á lokametrunum svo bjarga mætti miðlinum.

Sjálfur virðist hann þó hafa dregið aðra ályktun en hann hefur nú stofnað Sósíalístaflökk Íslands. Lokamarkmiðið í þeim efnum hlýtur að verða kjörinn fulltrúi og komast í ráðherra-stöðu þar sem hann getur sýslað með almannafé og forgangsraða eftir eigin höfði.

Guð hjálpi okkur öllum. Það er nefnilega ekkert í langri rekstrarsögu Gunnars Smára sem bendir til þess að fólk í landinu eigi að treysta honum fyrir almannafé. Um það geta fjölmargir einkafjárfestar vottað.

Atburðarás liðinnar viku gefur heldur ekki fögur fyrirheit um að launafólk geti treyst sósíalístanum Gunnari Smára fyrir sínum hagsmunum.

Auðvelt er fyrir klárt fjölmiðlafólk að básúna skoðanir sínar þannig að allir heyri. Í þetta skiptið er hljómurinn bara heldur holur.

Ekkert heyrt í Amel Group

Bæjaryfirvöld á Ísafirði hafa ekkert heyrt síðan um áramót í forsvarsmönnum kanadíska fjárfestingafyrirtækisins Amel Group, sem óskuðu síðasta sumar eftir viðræðum um stórfelldan útflutning á íslensku vatni. Þetta staðfestir Gísli Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, í samtali við Markaðinn.

„Þeir hafa ekki svarað okkur síðan við kynntum þeim okkar skilmála um síðustu áramót,“ segir Gísli.

Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkti í september í fyrra að fyrirtækið mætti hefja rannsóknir á vatninu og var skrifað undir viljayfirlýsingu. –hg



Gísli Halldór
Halldórsson

5.4.2017

Ef manni er annt um starfsfólkið sitt þá vill maður aðstoða það á þessum erfiða húsnæðismarkaði.

Þórarinn Ævarsson,
framkvæmdastjóri IKEA.



100% HREIN SNILLD FRÁ ÍSLENSKUM GARÐYRKJUBÆNDUM

Matreitt á gamla mátann án allra aukaefna.



islenskt.is